

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslu- 58
mannsins í Suður-Múlasýslu, **um flutning þingstaðar.** 27. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 27. f. m., og beiðni hreppsnefndar Norðurfjarðarhrepps, staðfestir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt í símskeyti, dags. 24. þ. m., um að þingstaður hreppsins, sem verið hefir sameiginlegur með Neshreppi í Nesi, verði eftirleiðis að Skorrastað, þar sem Neshreppur hefir nú fengið kaupstaðarréttindi samkvæmt lögum nr. 48 frá 1828.

Hreppsnefndinni ber að sjá um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghalda.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til 59
lögreglustjóranna, dags. 19. júlí 1929, **um eftirlit með erlend-^{19. júlí}**
um fiskiskipum hér við land.

Í lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi 3. gr., „er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi“.

Hvenær brot telst framið af hálfu erlends skips gegn þessum ákvæðum getur í mörgum tilfellum verið álitamál, og oft og tíðum undir því komið hver viðskifti við land hafa átt sér stað að undanfögnu frá því skipi, sem um er að ræða í hvert skifti. Sérstaklega á þetta við um aflasölu hér við land frá erlendum fiskiskipum. Enda mun það hafa komið fyrir að erlend skip hafa selt hvað eftir annað veiði á höfnum sitt í hverju umdæmi á sama veiðitíma, þótt ekki hafi kveðið mikið að því að þau hafi selt oftast en einu sinni í hverju umdæmi fyrir sig.

Ráðuneytinu þykir því rétt að gjöra ráðstafanir til að afla upplýsinga frá lögsagnarumdæmum landsins um athafnir erlendra skipa um aflasölu þeirra hér við land, svo yfirlit fáist um hvert einstakt skip að þessu leyti.

Því er hérmeð lagt fyrir yður, herra lögreglustjóri, að senda